

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

24. tl. reglugerðarinnar (sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 334/1983 orðist svo:

Aðgangseyrir að leiksýningum, tónleikum, upplestri og fyrirlestrarhaldi, enda séu skemmtanir þessar ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- eða samkomuhald, svo og aðgangseyrir að sýningum á íslenskum kvikmyndum og aðgangseyrir að útisamkomum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. júlí 1984.

Albert Guðmundsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Búfjárhald er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Búfjáreigendur skulu jafnan hafa fullnægjandi aðstöðu til að halda búfé, bæði hvað varðar húsakost og fóður. Þeir skulu gæta þess, að fjöldi búfjár þeirra sé innan þeirra marka, sem bæjarstjórn hefur tiltekið í leyfi sínu. Forðagæslumenn skulu fylgjast með því, að reglur þessar séu haldnar.
- Bæjarstjórn getur ákveðið, að búfjáreigendur skuli árlega greiða leyfisgjald fyrir búfé sitt. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð gjaldsins, og skal hún miðuð við, að bæjarsjóður beri ekki kostnað af búfjárhaldi í kaupstaðnum. Þar að auki skulu búfjáreigendur standa straum af öllum kostnaði, sem bæjarfélagið kann að verða fyrir vegna búfjárens.
- Aðbúnaður búfjár og meðferð þess skal jafnan vera í fyllsta samræmi við ákvæði laga um búfjárrækt og dýravernd. Þá er búfjáreigendum skylt að hlíta hvers konar fyrirætlum um hreinlæti og heilbrigðishætti.
- Búfé skal ávallt vera í öruggri vörslu búfjáreigenda. Þeir bera fulla bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem búfé þeirra kann að valda.
- Ef breyting verður á eignarhaldi búfjár, fellur undanþáguleyfið út gildi, og ber að gera bæjarstjórn grein fyrir því.

2. gr.

Leyfi til búfjárhalds skuldbindur bæjarstjórn ekki til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitolandi handa búfé, girða innan marka bæjarins né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Þó skal bæjarstjórn láta gera búfjárhelda girðingu umhverfis þéttbýlishverfi kaupstaðarins og halda henni við.

3. gr.

Ef búfé gengur laust í kaupstaðnum, skal lögregla hlutast til um það með tilstyrk bæjarstjórnar, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum bæjarins. Sé búfénaður ekki leystur út innan viku gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa valdið, skal hann seldur á opinberu uppboði eða honum slátrað. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu búfjáreigendur greiða. Jafnframt skulu þeir eða umráðamenn ágangsfénaðar sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

4. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til búfjárhalds er bæjarstjórn heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfið, enda hafi leyfishafi ekki skipast við undangengna aðvörun.

Bæjarstjórn er heimilt að afturkalla leyfi, eitt eða fleiri, telji hún þess þörf.

5. gr.

Sé búfé haldið án heimildar skal búfjáreigandi sviptur vörslu þess og það selt á opinberu uppboði eða því slátrað. Allan þann kostnað, sem af þessu hlýst, skulu búfjáreigendur greiða.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kaupsýnum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 8 4. janúar 1980 um búfjárhald í Ísafjarðarkaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júlí 1984.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.